

Undantekning frá starfsleyfi

Inngangur

Meginreglan er sú að þeir sem framleiða og dreifa eggjum skuli hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun (MAST). Heimilt er skv. matvælalögum að veita aðilum með takmarkaða framleiðslu undanþágu frá starfsleyfi. Mikilvægt er að egg séu meðhöndluð á réttan hátt og hér eru nokkrar leiðbeinandi reglur sem ber að hafa í huga við meðhöndlun eggja.

Meginreglur

- Eggjaframleiðandi skal hafa starfsleyfi Matvælastofnunar til framleiðslu á eggjum (frumframleiðsla á matvælum).
- Aðili sem rekur eggjapökkunarstöð skal hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun sem eggjapökkunarstöð.
- Aðili sem býr til fljótandi eggjamassa eða vinnur egg á annan hátt til matvælaframleiðslu skal hafa starfsleyfi til slíkrar starfsemi.

Hverjir eru undanþegnir starfsleyfi?

Skv. 2. grein matvæлага nr. 93/1995 er heimilt að veita undanþágu frá starfsleyfi og með reglugerð [nr. 580/2012](#) með síðari breytingum (nr. 41/2013) eru settar fram reglur um afhendingu eggja í litlu magni. Skv. þeim má aðili afhenda egg frá allt að 100 alifuglum, eða allt að 1.600 kg af eggjum á ári og dreifa þeim heilum og óunnum beint til neytenda. Allir þeir sem dreifa matvælum bera ábyrgð á að þau matvæli sem þeir dreifa séu örugg og ekki heilsuspillandi eða óhæf til neyslu. Einnig ber þeim að tryggja rekjanleika.

Þetta þýðir að aðili sem heldur innan við 100 hænur má selja egg beint til neytenda án starfsleyfis. Hann má einnig selja egg án starfsleyfis, ef hann heldur yfir 100 alifugla, en dreifir einungis innan við 1.600 kg af eggjum árlega beint til neytenda. Egginn má ekki þvo og skurnin verður að vera heil og ósprungin. Salan getur farið fram á þeim stað þar sem hænurnar eru aldar. Einnig er aðilanum heimilt að fara með eggin á markað og selja þau sjálfur neytendum. Ef sami aðili rekur leyfisfiskverslun með matvæli má salan fara fram í versluninni. Séu eggin seld á markaði eða í eigin verslun skal merkja umbúðir með nafni og heimilisfangi framleiðanda. Aðilinn skal ávallt upplýsa neytendur um aldur eggjanna þ.e. varpdag. Framleiðandinn skal sjá til þess að egg séu meðhöndluð og geymd við þau skilyrði að öryggi þeirra sé tryggt sbr. leiðbeiningar hér fyrir neðan. Þar sem framleiðandinn er án starfsleyfis eru hænurnar ekki vaktaðar m.t.t. salmonellu og er það ákvörðun kaupandans hvort hann kys að kaupa egg frá slíkum framleiðanda.

Af hverju undanþága?

Af hverju er aðilum með færri en 100 alifugla heimilt að dreifa eggjum ef aðilinn er ekki með starfsleyfi? Þessi undanþága er veitt á grundvelli þess að um lítið magn er að ræða, eggin fara ekki í almenna dreifingu og kaupandinn er meðvitaður um að seljandinn er ekki með starfsleyfi.

Sama gildir einnig fyrir egg aðila með yfir 100 alifugla sem nota egg til útungunar. Þeir hafa heimild til að dreifa innan við 1.600 kg af eggjum árlega beint til neytenda án þess að hafa starfsleyfi til frumframleiðslu matvæla en það samsvarar u.þ.b. ársframleiðslu 100 varphæna.